

Minnisblað fjármálanefndar háskólaráðs um stöðu og horfur í fjármálum Háskóla Íslands árið 2017

Staðan haustið 2016

Í nýrri stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 er lögð áhersla á gæði kennslu, þjónustu við samfélagið, stuðning við mannað skólans auk þess sem áfram verður lagt kapp á öflugt rannsóknastarf. Áætluð fjárbörf til að byggja upp innviði samkvæmt stefnu háskólans er 500-700 m.kr. á næsta ári, en fyrir liggur að skólinn verður að óbreyttu rekinn með a.m.k. 300 m.kr. halla á sama tímabili. Í núverandi rekstrarumhverfi er því ljóst að ekki verður mögulegt að fylgja stefnu skólans eftir.

Það er nánast sama hvert litið er í rekstri og starfsemi Háskóla Íslands, alls staðar blasir við brýn þörf á auknum fjárveitingum svo bæta megi tækjakost og húsnæði, þjónustu við nemendur og draga úr álagi á starfsfólk.

Frá bankahruninu í október 2008 hefur Háskóla Íslands tekist að halda rekstrinum í jafnvægi þrátt fyrir töluverðan niðurskurð. Við gerð fjárhagsáætlunar háskólans fyrir árið 2016 þurfti að gera ráð fyrir 300 m.kr. rekstrarhalla á árinu. Þessi staða er fordæmalaus í rekstri skólans.

Rekstrarniðurstöðu undanfarinna ára hefur einungis verið unnt að ná með miklu aðhaldi í rekstri, launalækkunum á sama tíma og álag á starfsfólk jókst, fresta þurfti nauðsynlegri uppbyggingu innviða og draga úr þjónustu við nemendur. Árið 2016 treystu háskólayfirvöld sér ekki til þess að ganga lengra í aðhaldi og niðurskurði og því var óskað eftir því við stjórnvöld að fá heimild til að nýta uppsafnaðar fjárhheimildir frá fyrri árum. Rekstraryfirlit fyrstu 8 mánuði ársins 2016 sýnir að áætlanir skólans voru raunhæfar og er áfram útlit fyrir 300 m.kr. hallarekstur á árinu.

Frá árinu 2007 hefur staðið til af hálfu stjórvalda að ráðast í nauðsynlega heildarendurskoðun á reiknilíkanu sem notað er til að meta kostnað vegna kennslu háskólanema. Ekki einasta er þörf á að endurskoða forsendur reikniflokka líkansins heldur einnig röðun einstakra námsgreina í reikniflokka. Ef árið 2007 er notað sem viðmið vantar um 14% upp á að verðgildi vegins nemendaígildis sé sambærilegt árið 2016. Miðað við þessar forsendur vantar nú um 1.300 m.kr. í kennslufjárveitingu til skólans.

Horfur og viðbrögð árið 2017

Eins og ljóst er af framansögðu er bráðnauðsynlegt að Háskóli Íslands fái aukin fjárframlög til að rétta af reksturinn og geta brugðist við mikilli uppsafnaðri þörf á uppbyggingu innviða og í raun komið rekstrinum í það horf að ekki vofi yfir frekari skaði fyrir starf skólans vegna langvarandi vanfjármögnumunar.

Úttektir a fjármögnum háskólastigsins sýna ítrekað að verulega vantar upp á að fjárframlög til Háskóla Íslands séu sambærileg við háskóla í löndum OECD og sérstaklega á öðrum Norðurlöndum. Viðræður við stjórnvöld um frekari fjárframlög til skólans voru komnar á nokkuð á veg síðastliðið vor en leiddu ekki til niðurstöðu – þrátt fyrir að í stefnu firlýsingu núverandi ríkisstjórnar sé skýrt kveðið á um frekari fjármögnum Háskóla Íslands. Brýnt er að þær viðræður verði tekna upp að nýju.

Ef ekki nást fram breytingar á fjármögnum Háskóla Íslands – og raunar allra íslenskra háskóla – blasir við að gjörbreyta þurfi starfsemi hans með verulega neikvæðum afleiðingum fyrir allt háskólanám, visindastarf, framþróun í atvinnuskópun og samkeppnisstöðu Íslands til framtíðar.

Þessar afleiðingar eru m.a.:

- Ekki verður unnt að halda úti fjölbreyttu námsframboði sem nauðsynlegt er fyrir þjóðskóla Íslendinga
- Færri tækifæri til háskólanáms og fækkun námsgreina og nemenda
- Ónóg sérfæðiþekking á náttúru, sögu og samfélagi
- Faglegt uppbyggingarstarf bíður hnekki og háskólinn glatar þeirri sterku stöðu sem hann hefur í alþjóðlegum samanburði
- Skortur á háskólamenntuðu starfsfólk í framtíðinni leiðir til frábreyttara atvinnulífs og dregur úr hagvexti og samkeppnishæfni Íslands
- Alvarlegur skortur á fagfólk í heilbrigðis- og menntakerfi
- Ónög nýliðun og dvínandi aðdráttarafl fyrir unga ví sindamenn
- Aukinn atgervisflótti frá Íslandi til lengri tíma litið
- Skortur á nauðsynlegum tækjabúnaði til kennslu og rannsókna
- Háskóli Íslands tilneyddur að taka upp skólagjöld sem ógnar jafnrétti til háskólanáms og stuðlar að ójöfnuði í samfélagini.